

Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 29. nóvember 2022

Mál nr. S-140/2022:

Héraðssaksóknari

(Arnþrúður Þórarinsdóttir lögmaður)

gegn

X

(Sverrir Sigurjónsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta er höfðað með ákæru héraðssaksóknara 31. mars 2022 á hendur X

„fyrir kynferðisbrot og barnaverndarlagabrot framin á heimili ákærða að A, nema annað sé tekið fram, svo sem hér greinir:

1. Kynferðisbrot gegn barni, með því að hafa á árunum 2009-2013 að B, áreitt Z, kynferðislega, ítrekað haldið um kynfæri hennar utanklæða þar sem hún lá við hlið hans í rúminu, í 2-3 skipti fært Z upp á sig þannig hún lá með bringuna upp við kynfæri hans utanklæða og í eitt skipti tekið niður náttbuxur og nærbuxur hennar þar sem hún lá sofandi á dýnu í herbergi.

Telst þetta varða við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. áður 2. mgr. 201. gr. sömu laga að því er varðar þau tilvik sem áttu sér stað fyrir 26. mars 2013.

2. Kynferðisbrot, með því að hafa að morgni 13. september 2018, án samþykkis tekið mynd af Y, þar sem hún lá sofandi nakin að neðan, en með háttsemi sinni særði hann blygðunarsemi hennar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 199. gr. a. almennra hegningarlaga, sbr. áður 209. gr. sömu laga.

3. Kynferðisbrot og barnaverndarlagabrot, með því að hafa dagana 9. september 2019, 28. september 2019, 29. mars 2020, 5. maí 2020, 11. október 2020, 15. október 2020, 4. mars 2021 og 8. mars 2021, tekið myndir af Q, nakinni eða fáklæddri, en með háttsemi sinni særði hann blygðunarsemi hennar og sýndi henni ósiðlegt athæfi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 210. gr. a., 1. mgr. 199. gr. a. almennra hegningarlaga, sbr. áður 209. gr. sömu laga, og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

4. Kynferðisbrot, með því að hafa um nokkurt skeið fram til fimmtudagsins 6. maí 2021, haft í vörslu sinni á [...] farsíma samtals tólf ljósmyndir sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfengin hátt.

Telst þetta varða við 1. mgr. 210. gr. a almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar og jafnframt er gerð sú krafa að ákærða verði gert að sæta upptöku á framangreindu myndefni, [...] farsíma (munur 542721) og [...]tölvu (munur xxxxxx), samkvæmt 1. og 2. tölulið 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga.

Einkaréttarkröfur:

Fyrir hönd C, vegna ólögráða dóttur hennar, Z, er gerð krafa um að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð 1.500.000 kr. auk vaxta skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá þeim degi er ákærði braut fyrst gegn brotþola, 4. júlí 2009, til þess dags er mánuður er liðinn frá því ákærða var kynnt bótakrafan, og dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Brotþoli fer fram á að Steinunn Erla Kolbeinsdóttir hdl. verði skipaður réttargæslumaður sinn. skv. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, og að ákærða verði gert að greiða hæfilega þóknun vegna réttargæslu skv. ákvörðun dómsins, sbr. 48.gr., sbr. 1. mgr. 234. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þá er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Fyrir hönd Y, er gerð krafa um að ákærði verði dæmdur til að greiða henni bætur að fjárhæð kr. 800.000,- með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. september 2018 til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Brotapoli fer fram á að Jónína Guðmundsdóttir lögmaður verði skipaður réttargæslumaður hennar skv. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og réttargæslumanni verði ákveðin hæfileg þóknun úr ríkissjóði sbr. 48. gr. sömu laga. Verði dómurinn ekki við þeirri kröfu um að skipa brotapola réttargæslumann er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða lögmannskostnað brotapola við að koma bótakröfunni á framfæri og vegna hagsmunagæslu við meðferð málsins fyrir dómi, skv. tímaskýrslu og málskostnaðarreikningi sem lagt verður fram við meðferð málsins. Krafan er gerð með vísan til 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Fyrir hönd Y, vegna ólögráða dóttur hennar, Q, er gerð krafa um að ákærði verði dæmdur til að greiða henni bætur að fjárhæð kr. 1.000.000,- með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 9. september 2019 til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Brotapoli fer fram á að Jónína Guðmundsdóttir lögmaður verði skipaður réttargæslumaður hennar skv. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og réttargæslumanni verði ákveðin hæfileg þóknun úr ríkissjóði sbr. 48. gr. sömu laga. Verði dómurinn ekki við þeirri kröfu um að skipa brotapola réttargæslumann er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða lögmannskostnað brotapola við að koma bótakröfunni á framfæri og vegna hagsmunagæslu við meðferð málsins fyrir dómi, skv. tímaskýrslu og málskostnaðarreikningi sem lagt verður fram við meðferð málsins. Krafan er gerð með vísan til 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.“

Ákærði neitar sök og hafnar bótakröfum.

Aðalmeðferð fór fram 24. október 2022 og var málið dómtekið að henni lokinni.

Af hálfu ákærvalds eru gerðar sömu kröfur og að ofan greinir.

Af hálfu brotaþola eru gerðar sömu kröfur og að ofan greinir. Þó þannig að brotaþoli Z hefur sjálf tekið við fyrisvari vegna sinnar kröfu, enda orðin 18 ára. Þá eru hafðar uppi kröfur um að skipuðum réttargæslumönnum allra brotaþola verði dæmd þóknun úr ríkissjóði, en brotaþolum var öllum skipaður réttargæslumaður.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum ákærvalds, en til vara er þess krafist að honum verði ekki dæmd refsing, en til þrautavara að dæmd refsing verði eins væg og lög leyfa. Vegna einkaréttarkrafna krefst ákærði þess að allega að þeim verði vísað frá dómi, en til vara krefst hann sýknu, en til þrautavara krefst ákærði verulegrar lækkunar. Vegna bótakröfu brotaþola Z er sérstaklega gerð krafa um það af hálfu ákærða að verði fallist á hana, þá verði vextir aðeins dæmdir frá dómsuppsögu en ekki fyrra tímamarki. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun skipaðs verjanda.

Fyrir uppkvaðningu dóms var gætt 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

Málavextir

Það er upphaf máls þessa að 25. mars 2021 barst lögreglunni [...] beiðni frá [...] um lögreglurannsókn skv. 98. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Var þar skýrt frá því að brotaþoli Z hafi sagt frá því í viðtali við námsráðgjafa [...] að hún hafi orðið fyrir kynferðisbrotum af hálfu stjúpafrú síns, þ.e. ákærða í málinu.

Í rannsóknargögnum kemur jafnframt fram að brotaþoli Z hafi fyrst hreyft þessu með því að skrifa um þetta inni á síðunni „[...]“ á Instagram í maí 2019. Hafa skjáskot þess verið lögð fram. Þar lýsir hún því að oft þegar hún hafi verið í pössun hjá ömmu sinni og afa hafi hún farið upp í til þeirra, vegna myrkfælni. Þá hafi afinn alltaf verið með hendurnar í klofinu á henni „til að halda henni uppi svo hún dytti ekki á gólfið“. Þetta hafi verið þegar hún var 4-6 ára gömul.

Brotaþoli Z gaf skýrslu hjá lögreglu vegna þessa 13. apríl 2021. Þar lýsti hún því að ákærði hafi brotið gegn henni þegar hún var á barnsaldri á þann hátt sem lýst er í ákæru. Nánar tiltekið lýsti brotaþoli því að þegar hún hafi verið í pössun hjá ömmu sinni og ákærða þá hafi hún iðulega farið upp í til þeirra á nóttunni vegna þess að hún hafi verið myrkfælin. Hún hafi aldrei getað farið á milli þeirra vegna þess að amman sofi svo fast að hún hefði bara lagst á hana eða eitthvað. Þess vegna hafi ákærði alltaf látið hana koma sín megin. Svo hafi hann alltaf verið með hendina í klofi hennar og sagt að hann

væri bara að halda henni uppi svo hún myndi ekki detta á gólfið. Hann hafi svo bara haft hendina þarna. Stundum hafi hann verið að strjúka á henni magann þegar hann hafi verið að lesa blaðið á morgnana og bolurinn verið að fara hærra og buxurnar neðar. Stundum hafi hann ýtt henni niður í klofið á sér á nóttunni og hann hafi þá verið harður. Hann hafi stundum ýtt henni þangað aftur þegar hún hafi reynt að fara þaðan. Hann hafi líka iðulega verið með hana á háhesti þannig að hún sneri öfugt og var þá með klofið í andliti hans. Eina nóttina hafi hún sofið á dýnu og legið á maganum. Þá hafi ákærði komið inn og hún fundið að sængin hafi verið dregin niður af henni og hann hafi dregið niður um hana buxurnar þangað til hún hafi safnað kjarki til að snúa sér við og þá hafi hann hlaupið út. Þetta hafi gerst einu sinni, en hitt allt saman ítrekað.

Við rannsókn málsins var tekin skýrsla af vitninu Y, móðursystur brotþola Z og stjúpdóttur ákærða, en hún er jafnframt brotþoli í málinu. Var skýrslan tekin 28. apríl 2021 og skýrði Y þar frá því að um miðjan janúar 2021 hafi brotþoli Z haft við sig samband og viljað ræða við sig. Þær hafi ekið [...] og þar hafi Z sagt sér frá því að hún hafi orðið fyrir kynferðisbrotum af hálfu ákærða um nokkurra ára skeið. Þá hafi hún m.a. lýst fyrir Y atviki þar sem Z hafi verið sofandi á heimili ömmu sinnar og ákærða að B og hafi hún vaknað við að ákærði var að draga niður um hana buxurnar en hann hafi hlaupið út þegar hún rankaði við sér. Þá hafi Z lýst atviki sem hafi gerst á D þar sem fjölskyldan hafði átt sumarbústað. Hafi Z farið upp í rúm til ömmu sinnar og ákærða og legið fyrir framan hann. Þá hafi hún fundið fyrir því að ákærði hafi verið með standþínu.

Vitnið C, móðir brotþola Z og stjúpdóttir ákærða, gaf skýrslu hjá lögreglu 3. maí 2021. Hún skýrði frá því að Z hafi sagt sér frá brotum ákærða í nóvember árið 2020. Hafi Z sagt henni frá nokkrum atvikum þar sem ákærði hafi verið með hönd sína í klofinu á Z þegar hún hafi legið uppi í rúmi hjá honum á B. Hún hafi líka lýst því að þrisvar sinnum hafi ákærði látið hana liggja í klofinu á honum þannig að kynfæri hans voru við brjóstkassa hennar. Þá kom fram hjá C að Z hafi einnig greint frá atviki þar sem ákærði hafi komið inn í herbergi til hennar þar sem hún lá á dýnu og tekið af henni sæng og byrjað að girða niður nærbuxur þar til hún safnaði kjarki til að snúa höfðinu til hans og hann þá hætt og farið út úr herberginu. Þá hafi hún líka lýst því að nokkrum sinnum hafi ákærði sett hana á háhest þannig að hún sneri öfugt, þ.e. að hann var með andlit sitt í klofi hennar. Kom fram hjá C að Z hafi þótt erfitt að ræða þessi atvik og að hún hafi þurft að taka sér tíma í þetta og grátið við frásögnina. Þá kom fram hjá C að hún hafi verið í [...] árunum 2008 – 2022 og þá hafi Z verið í pössun á B. Eftir það hafi C flutt til E og

kynnst þar manni. Maður C, F að nafni, hafi skýrt sér frá því að hafa upplifað einkennilega hegðun af kynferðislegum toga af hálfu Z. Hafi C nefnt þetta við föður Z sem hafi einnig upplifað þessa skrýtnu hegðun Z.

Vitnið G, þáverandi eiginkona ákærða, amma brotaþolans Z og móðir brotaþolans Y, gaf skýrslu hjá lögreglu vegna þessa 6. maí 2021. Vitnið kvaðst aldrei hafa orðið vitni að meintum brotum ákærða, þetta kæmi henni mjög á óvart og kvaðst hún ekki trúa því að ákærði hafi brotið gegn Z.

Í skýrslutöku hjá lögreglu 3. maí 2021 kannaðist ákærði við að brotaþoli Z hafi gist hjá honum og ömmunni, en kvaðst ekki kannast neitt þeirra atriða sem honum var gefið að sök. Kannaðist við að brotaþoli Z hafi komið upp í rúm til þeirra og hann hafi lagt hendina yfir hana. Kvaðst ekki geta neitað því að mögulega hafi brotaþoli í einhverjum tilfellum legið milli fóta honum, en með því hafi ekki verið neinn sérstakur tilgangur. Kvaðst ekki halda að getnaðarlimur hans hafi þá verið harður, en kvaðst ekki geta svarað fyrir þetta, en vonaði að svo hafi ekki verið.

Í málinu liggur fyrir upplýsingaskýrsla lögreglu, dags. 6. maí 2021, um að ónafngreindur aðili hafi komið þeim upplýsingum til lögreglu að í tölvu ákærða, sem staðsett sé [...], kunni að vera myndir af aðila sem sé fáklæddur. Í framhaldi af þessu ákvað lögregla að leggja hald á síma og tölvu ákærða og heimilaði hann að bæði tölvan og síminn yrðu rannsökuð.

Í málinu liggur fyrir skýrsla frá Lögreglustjóranum í Reykjavík, dags. 2. júní 2021, um skoðun á borðtölvu og síma ákærða. Kemur þar fram að tölvan hafi haft þrjá skráða notendur, þ.e. „X“, „H“ og „Z“, en einungis notandinn „X“ sé virkur. Í tölvunni hafi fundist 2 ljósmyndir sem samkvæmt lýsigögnum hafi verið teknar 13. september 2018 klukkan 06:55. Myndirnar sýna konu sem liggur á hliðinni í rúmi með sæng á milli fóta sér. Hún virðist eingöngu vera klædd einhvers konar toppstykki. Myndirnar eru á slóðinni [...]. Í síma ákærða, þar sem hann er skráður notandi, fundust 17 smámyndir, á ensku „thumbnails“ sem allar eru á slóðinni [...]. Fimmtán af þessum myndum sýna eina stúlku að hluta eða öllu leyti nakta. Á 2 myndanna eru 2 börn, einnig nakin. Út frá skráaheitum myndanna, sem virðist byggja á UNIX epoch tímasetningum, hafi verið reiknaðar dagsetningar sem megi ætla að séu þegar myndirnar voru teknar. Það eru dagarnir 9. og 28. september 2019, 5. maí, 11., 14. og 15. október 2020 og 4. og 8. mars 2021. Allar þessar myndir hafa verið lagðar fram í málinu sem hluti af rannsóknargögnum lögreglu. Þá liggja fyrir ljósmyndir sem lögregla tók af A.

Ákærði gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 4. ágúst 2021 og var þá spurður um myndir sem vísað er til í 2.-4. lið ákæru. Ákærði kannaðist við að eiga tölvuna og vera eini notandi hennar, en kvað jafnframt að brotþoli Y hafi fært myndir úr síma ákærða yfir í tölvuna þegar síminn hafi verið orðinn fullur. Kvaðst ákærði ekki vita neitt hver væri á þeirri mynd sem lýst er í ákærulið 2. Kvaðst ekki vita hver hafi tekið myndina og í hvaða tilgangi. Ákærði kannaðist heldur ekki við að hafa tekið myndirnar sem vísað er til í ákæruliðum 3 og 4, en kvaðst þó ekki vita til þess að neinn annar en hann hafi notað símann hans. Hann kannaðist þó við að brotþoli Q væri á myndunum og að þær væru teknar heima hjá honum. Ekki kvaðst ákærði hafa neinar skýringar á því að myndirnar hefðu verið teknar á hans síma og heima hjá honum.

Vitnið og brotþolinn Y gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 27. júlí 2021 vegna ljósmyndar sem lýst er í ákærulið 2. Kvaðst hún vera manneskjan á myndinni og að myndin væri tekin í herbergi hennar í A. Þá þekkti hún rúmfötin sem sín eigin. Taldi hún að ljósmyndarinn hefði þurft að ganga nokkuð langt inn í herbergið til að taka myndina. Kvaðst telja að ákærði hafi tekið myndina, en hún hafi ekki orðið þess vör þegar myndin var tekin.

Vitnið og brotþolinn Y, en auk þess sæist í aðra dóttur hennar, J, á 2 myndum. Kvaðst telja að ákærði hafi tekið myndirnar og benti á að á sumum myndanna sæist í fótleggi ákærða.

Vitnið G, þáverandi eiginkona ákærða, gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 4. ágúst 2021 vegna mynda sem lýst er í ákærulið 3. Vitnið kvaðst telja að myndirnar væru teknar á heimili hennar en kvaðst ekki hafa haft vitneskju um þær. Þau hafi stöku sinnum tekið myndir af börnunum í sundfötum að leika sér í heita pottinum, en ekki af þeim nöktum. Kvaðst hún telja að ákærði hafi tekið myndirnar enda væri hann alltaf með símann sinn og enginn annar notaði símann. Þá væru myndirnar teknar úr sæti ákærða í sófanum, þar sem hann sæti alltaf. Auk þess mætti sjá í fótleggi hans á nokkrum myndanna. Vitnið kvaðst þekkja brotþolann Q á myndunum, sem og sjálfa sig á 2 þeirra og J á einni. Kom fram hjá vitninu að hún hafi hitt brotþola Y skömmu fyrir skýrslutökuna og hafi hún þá frétt af myndunum. Hún hafi þá skotist heim til sín og spurt ákærða af hverju hann hafi tekið þessar myndir og hann hafi sagt „bara, þetta eru bara myndir“. Aðspurð lýsti vitnið því að hún væri brjáluð að sjá þessar myndir af barnabörnunum sínum, en kvaðst ekki hafa frekari vitneskju um málið.

Í málinu liggja fyrir 2 vottorð varðandi brotaþolann Z, annars vegar frá I lækni, dags. 13. maí 2022, og hins vegar frá K sálfræðingi [...], dags. 1. júlí 2022. Í vottorði læknisins kemur fram að brotaþoli hafi leitað til hans og óskað eftir vottorði sem staðfesti að hún hafi verið að fá kvíðaköst tengd erfiðu máli í fjölskyldunni og hyggist nota það til að óska eftir að ákveðinn aðili verði ekki til staðar þegar hún ber fram vitnisburð sinn í dómsmáli. Vottar læknirinn í framhaldinu að brotaþoli hafi leitað á bráðamóttöku [...] með mikla andlega og líkamlega vanlíðan sem hafi reynst vera vegna ofsakvíðakasts. Í því samtali hafi komið í ljós að það sem hafi valdið kvíðakastinu sé umrætt mál. Eftir samtalið við lækninn hafi komið í ljós að brotaþoli hafi verið að fá endurtekin kvíðaköst nýverið tengt þessu máli. Hennar kvíði og vanlíðan tengist einum ákveðnum aðila. Í vottorði sálfræðingsins kemur fram að brotaþoli sæki meðferðarviðtöl að beiðni [...] vegna ætlaðs kynferðisbrots af hálfu stjúpa hennar. Brotaþoli hafi sótt alls 16 viðtöl á tímabilinu 31. ágúst 2021 fram til þess dags sem vottorðið er ritað. Meðferðarviðtölum sé ekki lokið og muni halda áfram um óákveðinn tíma. Meðferð brotaþola hafi gengið vel og hún sýnt þó nokkrar framfarir frá því meðferðarviðtöl hófust. Við upphaf meðferðar hafi líðan brotaþola verið bágborin og hafi hún sýnt einkenni áfallastreitu auk þess sem hún hafi byrjað að upplifa ofsakvíða í formi endurtekinna og skyndilegra kvíðakasta, eftir að hún hafi greint frá ætluðu broti. Málið hafi líka valdið deilum innan fjölskyldunnar og valdið því að algjört rof hafi orðið á sambandi brotaþola við ömmu sína, en þær hafi áður verið afar nánar. Þessi samskiptavandi, sem eigi rætur að rekja til ætlaðs brots gegn brotaþola, hafi reynst brotaþola afar þungbær. Andlegt álag hafi aukist til mikilla muna að mati brotaþola eftir að hún hafi greint frá ætluðu broti. Í báðum vottorðum er mælt með því að ákærði verði ekki viðstaddur þegar brotaþoli gefur skýrslu sína við aðalmeðferð þessa máls, en óþarft er að rekja það frekar.

Framburður við aðalmeðferð

Ákærði gaf skýrslu við aðalmeðferð. Skýrði frá því að hann kannaðist ekki við sakargiftir. Kvaðst þó viðurkenna að hann hafi tekið þessar myndir, en alls ekki í neinum kynferðislegum tilgangi. Kvaðst ekki vita annað en að hann hafi verið löngu búinn að eyða þeim. Kvaðst trúlega hafa tekið myndir af brotaþola Y á símann sinn, sbr. ákærulið 2, en hann hafi ekki vitað að þær væru í tölvunni af því að hann hafi ekki kunnað á tölvur og ekki kunnað að færa myndir úr síma í tölvu. Brotaþoli Y hafi sjálf fært myndirnar yfir í tölvuna. Hann hafi ekki vitað um þetta í tölvunni. Kannaðist við að hafa tekið myndir

sem getið er um í ákæruliðum 3 og 4, en það hafi ekki verið í kynferðislegum tilgangi. Kannaðist við að hafa tekið myndina sem lýst er í ákærulið 2, en það hafi ekki verið í kynferðislegum tilgangi. Hann hafi bara ætlað að sýna konunni þessa mynd, en það hafi ekki verið kynferðislegt. Hann hafi bara ætlað að sýna konunni sinni hvernig brotapolí hafi legið, en hann hafi áður sýnt konunni hvernig brotapolí hafi legið og oltið fram úr rúmi. Hann hafi viljað sýna konunni sinni hvað lappirnar á brotapolá Y væru langar. Þá kannaðist hann við að hafa tekið og haft í símanum sínum þær myndir sem lýst er í ákærulið 4. Það hafi hins vegar ekki verið í kynferðislegum tilgangi. Hann hafi verið löngu búinn að eyða myndunum úr símanum sínum.

Nánar spurður um fyrsta lið ákæru kvaðst ákærði vera fósturafi brotapolá Z. Kvaðst ekki kannast við það lýst er í ákæru gagnvart henni. Hún hafi verið eitthvað hjá þeim þegar hún var barn. Samskipti þeirra hafi verið góð að hans viti. Á þeim tíma sem greinir í ákæru hafi ákærði og kona hans búið að B. Kvaðst ekki muna hvar í húsinu brotapolí hafi gíst. Þetta séu 6 herbergi og það hafi líklega verið mismunandi, eftir því hvað var laust. Kvaðst ekki muna til þess að brotapolí hafi komið upp í rúm til ákærða og konu hans á nóttunni, en það hafi frekar verið að morgni til. Hún hafi gert það öðru hvoru. Kvaðst ekki muna nákvæmlega hvar hún hafi þá legið í rúminu, en það hafi a.m.k. stundum verið hans megin. Kvaðst ekki hafa haft nein afskipti af því hvar hún hafi lagst í rúm þeirra hjóna. Kvaðst sofa mjög laust, sérstaklega á vorin. Aðspurður kvaðst ákærði hafa sofið í nærfötum. Aðspurður hvort ákærði myndi til þess að hafa haldið um brotapolá kvað hann það ekki hafa verið, nema til að varna því að hún dytti fram úr, en rúmið hafi verið fremur mjótt. Kvaðst ekki muna eða geta lýst því hvernig hann hafi þá haldið um hana, en hann hafi gætt þess að hún dytti ekki fram úr. Ákærði kvaðst halda að brotapolí hafi verið klædd í náttföt, hann viti ekki annað. Kannaðist ekki við að hafa haldið um kynfæri brotapolá utanklæða. Þá kvaðst ákærði ekki muna til þess að hafa fært brotapolá upp á sig þannig að hún væri með bringuna við kynfæri hans. Hún hafi stundum sest ofan á magann á honum og verið að atast, en ákærði kannaðist ekki við að hafa fært hana þannig. Konan hafi legið við hlið hans. Kvaðst ekki muna hvernig hún hafi sest ofan á hann, en það hljóti að hafa verið klofvega.

Aðspurður um það sem greinir í ákæru að hafa tekið niður náttbuxur og nærbuxur brotapolá kvaðst ákærði hvorki muna hvort hún hafi sofið á dýnu eða í rúmi eða í hvaða herbergi. Kannaðist ekki við að hafa í eitt skipti dregið niður buxur og nærbuxur brotapolá eins og lýst er í ákæru.

Varðandi ákærulið 2 kannaðist ákærði við að hafa verið skráður eigandi tölvunnar sem fannst [...]. Hann hafi notað tölvuna svólítið við að leggja kapal í henni, en að öðru leyti hafi hann ekki notað hana neitt, enda kunni hann ekkert á tölvur. Myndefni sem fannst í tölvunni sé trúlega úr síma ákærða. Væntanlega hafi brotápoli Y fært myndirnar úr símanum hans í tölvuna. Hann hafi ekki verið að skoða þessar myndir. Brotápoli Y hafi a.m.k. einu sinni fært myndir úr símanum hans í tölvuna. Hann hafi ekki alltaf vitað hvaða myndir hafi verið í tölvunni. Einhvern tíma hafi síminn hans verið orðinn fullur og þá hafi hún fært myndir úr símanum í tölvuna fyrir hann. Meira viti hann ekki um það. Kvaðst játa að hafa tekið myndina, en muni ekki sérstaklega eftir því. Kvaðst halda að tilgangurinn með myndatökunni hafi verið að sýna konunni hvað lappirnar á brotáþola væru langar. En það megi víst misskilja allt í dag. Umrædd mynd í gögnum málsins var borin undir ákærða og hann kvaðst ekki vita betur en að myndin sé tekin í dyrunum á herberginu sem brotápoli Y og maður hennar hafi gist í um tíma á meðan þau voru að koma sé upp eigin heimili. Aðspurður hvort ákærði hafi verið eini virki notandi tölvunnar kvað ákærði að meðan þau hafi verið A hafi tölvunni verið [...] og hann hafi notað tölvuna til að leggja kapal, en ekkert öðru vísi.

Varðandi þriðja lið ákæru kannaðist ákærði við að brotápoli Q sé dóttir brotáþola Y og þannig stjúpbarnabarn ákærða. Ákærði kannaðist við að hann hljóti að hafa tekið þessar myndir og kvaðst ekki vita til þess að aðrir hafi verið að nota símann hans. Kvaðst aðspurður ekki muna nákvæmlega eftir að hafa tekið myndirnar. Hann hafi tekið mikið af myndum. Sumum hafi hann eytt strax, t.d. ef þær séu óskýrar. Umræddar myndir í rannsóknargögnum voru bornar undir ákærða. Hann kannaðist við að þær virðist teknar á heimili hans A og þá úr því sæti sem hann sjálfur hafi helst setið í. Þá kannaðist hann við að líklega sjáist í fætur hans á nokkrum myndanna. Aðspurður um tilgang þessara mynda kvaðst ákærði ekki geta sagt til um það. Hann hafi líka tekið margar myndir af telpunni í fötum. Þetta hafi ekki verið í kynferðislegum tilgangi. Kvaðst ekki vita til þess að hann hafi sýnt öðrum þessar myndir. Flestum þessara mynda hafi hann eytt strax af því þær hafi ekki verið nægilega skýrar eða verið ekki nógu góðar á annan hátt. Deila megi um hvort viðeigandi hafi verið að taka þessar myndir.

Aðspurður um myndirnar neitaði ákærði því alfarið að umræddar myndir sem tiltekna eru í ákærulið 3 hafi verið teknar í kynferðislegum tilgangi. Þetta hafi verið í hita leiksins. Varðandi myndina í ákærulið 2 kvað ákærði að hann minni að hann hafi staðið í herbergisdýrunum, en ekki inni í herberginu, þegar hann tók myndina. Aðspurður

um ákærulið 1 kvað ákærði að hann kannaðist ekki við að hafa viðhaft orðbragð sem hafi getað bent til þess að það hafi verið í kynferðislegum tilgangi.

Aðspurður um myndina í ákærulið 2 kvað ákærði að brotþoli Y hafi þá gist þar ásamt sambýlismanni sínum. Kvaðst ekki muna hvort þau hafi yfirleitt haft dyrnar opnar. Kvaðst geta fullyrt að hann hafi ekki opnað dyrnar sjálfur. Hann hafi ekki verið að opna dyr hjá fólki almennt.

Aðspurður um myndir sem lýst er í 4. ákærulið kannaðist ákærði við að hafa á einhverjum tíma haft þær í símanum sínum. Hann hafi sjálfur tekið þær, en hann hafi að sinni bestu vitund eytt þeim úr símanum nánast strax. Aðspurður um tilganginn ítrekaði ákærði að hann hafi ekki geymt myndirnar í símanum, en annars hafi ekki verið neinn sérstakur tilgangur með myndunum.

Undir ákærða voru bornar þær 12 ljósmyndir sem vísað er til í ákærulið 4, en það eru myndir á blaðsíðu [...] í ljósmyndaskýrslu 26. júlí 2021 í rannsóknargögnum. Myndirnar eru teknar 9. og 28. september 2019, 29. mars 2020, 5. maí 2020, 11. og 15. október 2021, 4. og 8. mars 2021, samkvæmt lýsigögnum. Ákærði kannaðist við myndirnar, en benti á að telpan væri ekki nakin á þeim öllum. Þá kannaðist hann við að myndirnar væru teknar á heimili hans og frá þeim stað þar sem hann hafi gjarnan setið. Þá kannaðist hann við að þessar myndir hafi verið í símanum hans, en kvaðst ekki muna eftir þessu sérstaklega og ítrekaði að þær hafi ekki verið geymdar í símanum. Hann hafi verið búinn að eyða þeim.

Vitnið Z, brotþoli skv. ákærulið 1, gaf skýrslu við aðalmeðferð. Vitnið er stjúpbarnabarn ákærða. Vitnið kvaðst hafa verið á tímabili talsvert ein hjá ömmu sinni og ákærða, þegar móðir hennar [...]. Svo hafi hún verið þarna önnur hver jóla, en þá hafi móðir hennar verið með. Hún hafi verið á bilinu 4 – 7 ára þegar þetta var. Þegar hún hafi gist hjá ömmu sinni og ákærða þá hafi hún oft verið í herbergi brotþola Y. Annars hafi hún oft verið með móður sinni á dýnu í öðru herbergi og þar hafi hún stundum verið ein. Þegar þetta var hafi ákærði og amma hennar búið að B. Þá lýsti hún því að hafa verið mjög myrkfælin og því hafi hún gjarnan farið upp í til ömmu sinnar og ákærða. Hún hafi alltaf ætlað að fara á milli þeirra, en þá hafi ákærði alltaf sagt henni að koma framan við sig vegna þess að amman svæfi svo fast að hún gæti bara lagst ofan á hana óvart. Hún hafi því alltaf farið upp í ákærða megin. Þá hafi ákærði alltaf haldið henni uppi með því að leggja hendina yfir hægri öxl brotþola og verið með lófa sinn í klofinu á henni. Aðspurð kvaðst brotþoli aldrei muna til þess að amman hafi sofið svo fast að hún hafi

lagst á hana. Ákærði hafi oftast vaknað þegar hún kom upp í til þeirra, en hún kvaðst ekki muna til þess að amman hafi líka vaknað. Nánar aðspurð lýsti brotaþoli því að ákærði hafi lagt handlegginn yfir öxl hennar og fært hendina að og niður í klof hennar. Hún hafi a.m.k. einu sinni spurt hann af hverju hann héldi þarna og hann hafi svarað því að hann gerði það til að halda henni í rúminu svo hún myndi ekki detta framúr. Þetta hafi gerst oft og ítrekað. Hún hafi oftast verið í náttfötum. Hann hafi haft hendina utan á náttfötum hennar. Hann hafi sjálfur verið í nærbuxum. Henni hafi þótt þetta skrýtið. Aðspurð hvort eitthvað fleira hafi gerst í rúminu kvað brotaþoli að einhvern tíma að morgni til hafi hún legið á bakinu og setið svona við hliðina á ákærða og lagst með höfuðið á magann á honum og svo hafi hann ýtt henni upp á sig og ýtt henni niður í klof sér. Þá hafi hún verið með klofið á honum u.þ.b. við bringu eða háls. Hún hafi alveg vitað að þetta væri rangt og hafi henni liðið þannig að þetta væri mjög skrýtið. Hún hafi reynt að snúa sér frá og verið að reyna að koma sér í burtu. Kvaðst muna vel að ákærði hafi verið með standpínu. Ákærði hafi aðeins verið klæddur í nærbuxur en hún hafi verið í náttfötum. Aðspurð hvenær þetta hafi verið á greindu tímabili kvað brotaþoli að henni finnist þetta hafa verið seinni hluta tímans. Þetta hafi gerst í um 2 til 3 aðskilin skipti og með áþekkingu hætti. Brotaþoli kvaðst ekki geta fullyrt hvort ákærði hafi haft standpínu meira en í eitt skipti. Aðspurð um tilvik sem lýst er í ákæru þar sem hún hafi legið inni í herbergi kvaðst brotaþoli hafa verið í tilteknu herbergi og hafi hún legið á maganum á dýnu á gólfinu og hún hafi legið með höfuðið til hægri. Lýsti því nánar hvernig hún myndi hvernig hún lá. Þá hafi hún heyrt einhvern koma inn í herbergið. Svo hafi sængin verið dregin niður um hana, sem og buxurnar. Þegar henni hafi tekist að safna nægum kjarki þá hafi hún snúið höfðinu og þá hafi verið eins og ákærða hafi brugðið og hann sett upp um hana aftur og hann hafi svo hlaupið út. Aðspurð um hvenær þetta hafi gerst kvað brotaþoli að þetta sé mjög eftirminnilegt og hún hafi verið ein í herberginu. Aðspurð kvaðst brotaþoli hafa verið á milli svefns og vöku þegar ákærði hafi komið inn í herbergið. Nánar lýsti brotaþoli því að ákærði hafi byrjað að draga niður af henni sængina og svo dregið niður buxurnar hennar. Nánar aðspurð kvaðst brotaþoli ekki geta sagt til um hvort það hafi verið bæði nærbuxur og náttbuxur eða bara náttbuxur. Hann hafi dregið buxurnar niður fyrir rass. Hún hafi verið í náttfötum.

Þá lýsti brotaþoli því að hún teldi þessa atburði hafa verið að gerast frá sirka 4 ára til 7 ára aldri hennar, en hún hafi verið 7 ára á árinu 2011. Hins vegar kannaðist hún við þann framburð sinn hjá lögreglu að þetta hafi hætt um það leyti sem frænka hennar,

brotapoli Q, hafi fæðst en það var á árinu 2013. Hún hafi komið upp í til ömmu sinnar og ákærða eftir það en það hafi ekki verið mikið.

Þá lýsti brotapolí því að hafa fyrst opnað á þessa reynslu sína og talað um hana árið 2018 þegar hún hafi sent skilaboð á reikning á Instagram sem heiti [...], af því að hún hafi ekki vitað hvað hún ætti að gera. Svo seinni hluta ársins 2020 hafi hún nokkrum sinnum reynt að segja móður sinni frá þessu, en fyrstu viðbrögð móður hennar hafi verið um hvað ákærði væri barngóður og hvort hún héldi ekki að þetta hafi bara verið klaufaskapur hjá honum. Svo hafi brotapolá verið farið að líða svo illa með þetta að hún hafi á ný reynt að segja móður sinni þetta og spurt hvað sálfræðingur kostaði og þannig. Svo hafi hún ekki getað meira þannig að hún hafi sagt móðursystur sinni, þ.e. brotapolá Y, frá þessu. Þær hafi farið á rúntinn [...] og hún hafi sagt frænku sinni frá þessu. Svo hafi þær ætlað að fara og tala um þetta við móður brotapolá, en brotapolí Y hafi ekki verið tilbúin til þess vegna þess að hún hafi líka orðið fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi af hálfu ákærða. Hafi brotapolí Y ætlað að ræða þetta við sálfræðinginn sinn, en það hafi dregist á langinn þannig að brotapolí hafi farið til [...] og sagt henni frá þessu í grófum dráttum. Henni hafi hins vegar ekki verið ljóst að [...] bæri skylda til að segja [...] frá þessu, en þegar það hafi komið í ljós hafi brotapolí og brotapolí Y farið og sagt móður brotapolá frá þessu. Skilaboð á Instagram síðunni [...] sem eru í rannsóknargögnum málsins, voru borin undir brotapolá og staðfesti hún að það væru skilaboðin sem hún hafi sett inn. Þessi skilaboð hafi hún afhent lögreglu.

Aðspurð um líðan sína vegna þessa alls kvað brotapolí að henni hafi liðið mjög illa vegna þessa áður en hún sagði frá þessu. Hún hafi verið með mikinn kvíða og liðið illa [...], verið óglatt og ekki liðið vel. Eftir að þetta hafi farið af stað hafi hún fengið ítrekuð kvíðaköst sem hún lýsti nánar. Hún hafi líka verið með þunglyndiseinkenni. Síðasta kvíðakast hafi verið 2 dögum fyrir aðalmeðferðina. Hún sé hjá sálfræðingi [...]. Þessi kvíðaköst og vanlíðan tengi hún við þetta mál og þessa atburði.

Aðspurð kvað brotapolí kvíðaköstin tengjast atburðunum og líka dómsmálinu. Það sé sárt að ákærði hafi gert þetta. Allt í kringum þetta sé erfitt og hún hafi verið kvíðin fyrir.

Vitnið Y, brotapolí og stjúpdóttir ákærða, kom fyrir dóminn við aðalmeðferð. Verður hér vísað til hennar ýmist með orðinu „vitnið“ eða „brotapolí“ eftir því hvort rætt er um brot gegn henni sjálfri eða öðrum brotapolum. Vitnið bjó síðast á heimili móður sinnar og ákærða á árinu 2018. Aðspurð um brot sem lýst er í ákærulið 1, gagnvart

brotapola Z, kvaðst vitnið hafa heyrt af þessu frá brotapolu í janúar 2021. Hafi brotapolu Z haft samband við sig og sagt að hún þyrfti að segja henni frá því sem ákærði hefði gert henni þegar hún hafi verið í heimsókn B. Þau atvik sem brotapolu hafi lýst hafi verið á þann veg að hún hafi iðulega verið myrkfælin og komið upp í rúm til ömmu sinnar og ákærða og þá hafi ákærði látið hana liggja hans megin á brúninni, í stað þess að vera á milli þeirra, vegna þess að amman svæfi svo fast. Hafi brotapolu lýst því að ákærði hafi haldið henni þannig að hún dytti ekki fram úr, með hendina í klofi brotapolu. Hún hafi líka sagt að ákærði hafi verið að ýta henni niður þannig að hún væri með bringuna yfir kynfærum hans. Hún hafi líka lýst því að hann hafi látið brotapolu sitja ofan á sér. Hún hafi líka sagt frá atviki í öðrum aðstæðum, þegar þau hafi verið að koma úr fjárhúsum og ákærði hafi haft brotapolu á háhesti og látið hana snúa öfugt, þ.e. að fætur brotapolu hafi þá verið aftan á ákærða. Þetta hafi vitnið séð sjálf. Þá hafi brotapolu sagt frá því að eitt sinn hafi hún sofið í gestaherbergi og þá hafi hún vaknað við það eitt kvöld eða nótt, að ákærði væri að draga niður um hana buxurnar, en hún hafi snúið sér við og þá hafi ákærði farið fram. Brotapolu hafi tekið sinn tíma að koma sér af stað að segja frá þessu, en þegar hún hafi byrjað þá hafi þetta allt komið í gusum, rétt eins og það hefði þurft að bíða lengi eftir að komast út. Brotapolu hafi verið í miklu uppnámi þegar hún sagði frá þessu. Aðspurð kvað vitnið þetta ekki hafa komið sér á óvart. Um leið og brotapolu hafi sagt að hún þyrfti að segja vitninu eitthvað um ákærða þá hafi vitnið vitað um hvað hún myndi tala. Þetta hafi ekki komið á óvart. Kvaðst vitnið hafa svipaða sögu að segja um hátterni ákærða gagnvart henni sjálfri frá því að hún var barn.

Aðspurð um ákærulið 2, þ.e. um mynd af henni sjálfri lýsti brotapolu Y því að hún hafi búið þarna síðast árið 2018. Þá hafi hún haft herbergi á heimili ákærða og móður sinnar. Fremsta herbergi á svefnherbergisgangi. Hún hafi búið þarna ásamt manni sínum tímabundið. Brotapola var sýnd umrædd mynd í tveimur eintökum þar sem annað er stækkað. Hún staðfesti að hafa séð þessa mynd og kvaðst þess fullviss að myndin væri af henni. Þetta sé rúmið hennar og herbergið sem hún hafi gist í. Þá séu sængurfötin hennar á myndinni. Þá þekkti brotapolu eigin líkama á myndinni. Rúmið hafi verið inni í herberginu á tilteknum stað og lýsti brotapolu því að myndin sé tekin inni í herberginu, nokkrum skrefum frá dyrunum. Ekki sé hægt að ná mynd með þessu sjónarhorni án þess að fara inn í herbergið. Brotapola var sýndur uppdráttur af herberginu, sem hún gerði við rannsókn málsins og er í rannsóknargögnum og staðfesti brotapolu uppdráttinn. Myndavélin sé inni í herberginu þegar myndin er tekin. Ekki sé mögulegt að myndavélin

sé utan herbergisins, en þá hefði sést framan í brotapolu á myndinni. Brotapoli kvaðst ekki muna hvort dyrnar hafi verið opnar eða lokaðar, en þau hafi yfirleitt ekki haft þær alveg lokaðar enda með börn í næsta herbergi. Þegar myndin er tekin hafi maðurinn hennar verið farinn í vinnu. Þá voru bornar undir brotapolu myndir í rannsóknargögnum af sama herbergi og staðfesti vitnið að svo væri. Brotapoli kvaðst ekki hafa verið meðvituð um myndatökuna. Hún hafi fyrst vitað af þessu eftir að málið kom upp varðandi brotapolu Z. Þá hafi hún séð myndina í tölvu ákærða og tilkynnt til lögreglu.

Aðspurð kannaðist brotapoli við að hafa aðstoðað ákærða við að færa myndir úr símanum hans yfir í tölvu, enda hafi síminn hans verið orðinn fullur. Hún hafi ekki séð myndirnar við það. Tölvun hafi verið [...]. Hún hafi ekki hlaðið myndir úr öðrum sínum í þessa tölvu.

Vegna ákæruliðar 3 voru vitninu sýndar ljósmyndir í rannsóknargögnum. Vitnið þekkti dóttur sína Q á myndum nr. [...] Vitnið kvaðst ekki hafa vitað af töku þessara mynda. Vitnið kannaðist við að dætur hennar hafi iðulega verið í pössun hjá móður vitnisins og ákærða og þá hafi þær farið í heita pottinn. Þessar myndir séu teknar úr því horni sem ákærði hafi setið í og sjáist í fætur hans á sumum þeirra.

Aðspurð varðandi líðan sína vegna myndar sem getið er í ákærulið 2 lýsti brotapoli því að henni þætti þetta ógeðslegt. Henni þyki ákærði hafa brotið á sér enn einu sinni. Viðbjóður að lifa með þessu. Þetta eigi ekki síður við um myndirnar í ákærulið 3. Hún geti ekki lýst tilfinningum sínum þegar hún hafi séð myndirnar af dóttur sinni, og raunar dætrum, sem lýst er í ákærulið 3. Hún óski engum að ganga í gegnum það. Hún lýsti því að hafa verið hjá sálfræðingi hjá [...] og fengið góða aðstoð þar. Hún þurfi samt að lifa með þessu, bæði varðandi sig og ekki síður varðandi dóttur sína Q.

Aðspurð hvort vitnið hafi eytt myndum úr síma ákærða um leið og hún hafi fært þær yfir í tölvuna kvað vitnið að hún myndi það ekki og hafi aldrei skoðað myndirnar í síma ákærða. Það sé þó lítill akkur í því að færa myndirnar ef þær eyðist ekki í símanum á sama tíma. Aðspurð kannaðist vitnið ekki við að hafa staðið á bak við að ákærða hafi verið sagt upp starfi sínu eftir að málið kom upp. Þá lýsti vitnið því að samband hennar við brotapolu Z og systur sína C væri mjög gott. Þær séu mjög nánar.

Vitnið C, stjúpdóttir ákærða og móðir brotapolans Z, gaf skýrslu við aðalmeðferð. Vitnið skýrði frá því varðandi ákærulið 1 að vitnið hafi fyrst fengið vitneskju um þetta í nóvember 2020. Þá hafi brotapoli Z, hér eftir „brotapoli“ nema annað sé tekið fram, sagt sér frá þessu. Í kjölfarið hafi brotapoli sagt Y, systur vitnisins, frá þessu eftir áramótin

2020/2021. Þegar brotþoli hafi fyrst sagt vitninu frá þessu hafi hún greint frá atviki þar sem hún hafi skriðið upp í til ömmu sinnar og ákærða og hafi ákærði verið með hendina í klofinu á henni. Þetta hafi verið það fyrsta. Svo hafi brotþoli sagt frá fleiri atvikum seinna. Þá hafi hún sagt frá því að ákærði hafi sofið með hendina í klofi brotþola. Eitthvað skipti hafi hann lyft brotþola upp á sig og ýtt henni niður þannig að hún væri með andlitið í klofi ákærða. Þá hafi brotþoli sagt frá því að hún hafi vaknað við að ákærði hafi verið kominn inn í herbergið þar sem hún svaf og verið að taka í buxustrenginn hjá henni. Þá hafi hún sagt að ákærði hafi verið með hana öfuga á háhesti þannig að hún sneri klofinu framan í hann. Þá hafi rifjast upp fyrir brotþola atvik sem hafi verið þannig að hann hafi verið að strjúka henni þannig að bolurinn hennar hafi verið farinn upp, milli nærbuxustrengs og að bolnum. Vitnið hafi vitað að brotþoli ætlaði að segja henni eitthvað, en ekki hafi verið staður og stund til þess þannig að brotþoli hafi reynt þetta en frestað því. Svo hafi hún verið inni í herberginu sínu og vitnið komið inn til hennar og þá hafi brotþoli sagt henni frá þessu. Brotþoli hafi stundum verið í pössun hjá ákærða og ömmu sinni í B. Það hafi ekki verið mikið nema á ákveðnu tímabili þegar vitnið hafi verið í háskólanámi á tímabilinu frá 2008 til 2011. Á þeim tíma hafi brotþoli verið hvað mest í pössun á B. Þá hafi þær oft verið þar báðar og gíst. Það hafi oftast verið í fremsta herbergi á svefnherbergisganginum. Þá kvaðst vitnið ekki muna sérstaklega eftir að brotþoli hafi farið upp í rúm hjá ömmu sinni og ákærða þegar þær hafi gíst þar báðar saman. Aðspurð kvað vitnið þessa frásögn brotþola hafa komið sér á óvart og ekki búist við þessu. Hún hafi haldið að ákærði væri góður maður og ekki vitað hvaða mann hann hefði að geyma. Aðspurð hvort hún hafi orðið vör við hegðunarbreytingar hjá brotþola á þessum tíma kvað vitnið það hafa gerst að eftir að hún hafi kynnst manni sínum og flutt með honum til E árið 2012 þá hafi brotþoli sýnt honum óeðlilega hegðun varðandi klop hans, eins og hún leitaðist við að snerta það. Þá hafi vitnið hringt í [...] til að ráðfæra sig og verið spurð hvort hún vissi til þess að telpan hafi lent í kynferðislegri áreitni, en um það hafi vitnið ekkert vitað þá.

Aðspurð um líðan brotþola kvað vitnið að hún hafi verið hjá sálfræðingi og að [...] hafi haldið vel utan um hana og [...] líka. Brotþoli hafi þurft á þessu að halda. Það hafi verið erfiðir tímar og brotþoli fengið kvíðaköst og þurft að fara á sjúkrahús. Kvíðaköstin hellist yfir hana óforvarandis. Lengi hafi verið beðið eftir aðalmeðferð málsins.

Aðspurð um persónuleika brotþola kvað vitnið að hún hafi alltaf verið mjög sjálfstæð og tekið eigin ákvarðanir og unnið fyrir sínu.

Vitnið G, fyrrverandi eiginkona ákærða, gaf skýrslu við aðalmeðferð. Vitnið er jafnframt móðir brotþola Y og amma brotþolanna Z og Q. Aðspurð vegna ákæruliðar 1 kvað vitnið að brotþoli Z hafi verið í pössun B annað slagið á sumrin. Aldrei lengi í einu og oftast yfir helgar. Í húsinu hafi verið 6 herbergi og taldi vitnið að brotþoli hafi yfirleitt alltaf sofið í sama herberginu. Vitnið kvaðst ekki kannast við að brotþoli hafi komið upp í til hennar og ákærða á nóttunni. Brotþoli hafi komið upp í til þeirra í morgunsárið og alltaf ákærða megin. Til þess hafi hún þurft að ganga gegnum herbergið leið sem var í laginu eins og bókstafurinn L. Vitnið kvað teikningu sem brotþoli hafi gert hjá lögreglu ekki sýna ákærða réttu megin í rúminu. Nánar tiltekið hafi brotþoli verið að koma til þeirra um sjöleytið að morgni, en vitnið hafi verið von að fara á fætur milli 8 og 8.30, en það hafi ekki verið mikill svefnfriður og vitnið vakni við ærsl, læti og hlátur. Brotþoli hafi viljað leika við afa sinn, fíflast í honum og fá hann til að kitla sig. Undir því sofi enginn í rúmi sem sé 1,5 metri á breidd. Vitnið kvaðst aldrei nokkurn tíma hafa orðið vör við neina hegðun hjá ákærða sem henni hafi þótt óeðlileg. Vitnið lýsti því að hún hefði verið vakandi fyrir slíku vegna þess að áður en hún kynntist ákærða hafi hún verið í sambandi og sambúð með manni sem hafi verið kærður eða ásakaður um slíkt. Það sé með öllu útilokað að slíkt hefði getað gerst í hennar eigin rúmi. Aðspurð hvort vitnið telji sig ávallt hafa orðið vör við það ef brotþoli kom inn í herbergi þeirra hjóna kvaðst hún telja að hún hefði gert það ef brotþoli hefði komið hennar megin. Brotþoli hafi ekki komið til að fara að sofa heldur til að leika sér. Vitnið hafi rumskað þegar brotþoli kom. Brotþoli hafi ekki komið á nóttunni. Vitnið lýsti því að hún teldi frásagnir brotþola Z vera falskar minningar. Aðspurð hvort eitthvað hafi gerst sem hafi orðið til þess að brotþoli væri að bera rangar ásakanir á ákærða kvað vitnið að brotþoli sé ljúf og áhrifagjörn. Hún hafi þörf fyrir athygli. Brotþoli hafi sagt sér frá því að vinkona hennar hafi lent í einhverju slíkum vanda með stjúpa sinn og svo hafi „metoo“ umræðan komið. Vera kunni að ákærði hafi einhvern tíma rekið hendur sínar óvart í brotþola og það hafi kveikt þetta. Varð ráðið af orðum vitnisins að hún teldi yngri dóttur sína, þ.e. Y, eiga þátt í þessum ásökunum. Þá kannaðist vitnið við að brotþoli Z hafi rætt þetta við vitnið eftir að málið hafi komið upp. Brotþoli hafi talað um hluta af því sem sé í skýrslu hennar, en allt sem hafi verið einu sinni sé orðið nokkrum sinnum, auk atriðis [...] sem brotþoli hafi ekki nefnt við sig. Vitninu voru sýndar myndir í

rannsóknargögnum sbr. ákærulið 2, þar sem önnur myndin er stækkun hinnar. Vitnið kvaðst telja að átt hafi verið við myndirnar hjá lögreglu. Á upprunalegu myndinni hafi sést dyrastafur og hurð. Teikning brotþola Y í rannsóknargögnum sé rétt en ekki teikning brotþola Z.

Aðspurð kannaðist vitnið við að hin haldlagða tölva sem var [...] hafi verið notuð af ákærða.

Vitninu voru sýndar myndir sem vísað er til í 3. og 4. lið ákæru. Vitnið kannaðist við að brotþoli Q væri á myndunum. Myndirnar hafi verið teknar í stofunni A. Það sé rétt að myndirnar séu teknar frá þeim stað þar sem ákærði hafi setið og á einni myndinni sjáist í hné hans. Myndirnar séu allar teknar frá sama stað.

Aðspurð kvaðst vitnið aldrei hafa orðið vör við neina háttsemi sem geti rennt stoðum undir sakargiftir á hendur ákærða. Brotþoli Z hafi sótt mjög mikið í ákærða. Þá staðfesti vitnið ljósmynd af gestabók heima hjá vitninu á C. Þar hafi brotþoli Z sofið eina nótt í herbergi við hlið þeirra hjóna í fyrri hluta júlímánuðar.

Lögreglumaður nr. 9024 gaf skýrslu við aðalmeðferð. Vitnið starfar í tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og gerði rannsókn á myndum úr síma og tölvu ákærða. Vitnið kvað að einungis hafi verið einn notandi að tölvunni, þ.e. ákærði. Í tölvunni hafi verið vistaðar 2 myndir sem vísað er til í ákærulið 2. Raunar hafi þetta verið sama myndin eða a.m.k. mjög svipuð, en í tveimur eintökum. Eftir því sem vitnið geti best séð hafi ekki verið átt við myndirnar, en ekki hafi verið óskað eftir rannsókn á því sérstaklega. Vitnið hafi ekki séð um að prenta myndirnar út. Þá var vitnið spurt um myndir í farsíma ákærða. Vitnið lýsti því að í símanum hafi verið svokallaðar smámyndir eða sem kallaðar séu á ensku „thumbnails“. Þær verði til í stýrikerfi farsímans. Myndirnar sem slíkar hafi ekki verið í símanum og hafi sennilegast verið eytt, en slíkar smámyndir hafi ekki getað orðið til í símanum nema vegna þess að myndirnar sjálfar hafi einhvern tíma verið vistaðar í símanum. Nánar aðspurður um myndina sem lýst er í ákærulið 2 kvað vitnið að báðar myndirnar í rannsóknargögnum virtust sama myndin en önnur með aðdrætti, en að þær hafi báðar verið vistaðar í tölvunni. Ekki hafi verið átt neitt við myndirnar af hálfu lögreglu. Nánar aðspurður vegna myndanna í síma ákærða, þ.e. sem lýst er í ákæruliðum 3 og 4, kvað vitnið að ekki hafi verið skoðað sérstaklega hvort öðrum myndum hafi verið eytt úr símanum enda hafi ekki verið beðið um könnun á því. Ekki hafi verið hægt að sjá hvenær myndunum hafi verið eytt úr símanum. Þá bar vitnið að

eftir að myndum er eytt úr símanum þá sjái notandinn þær ekki lengur í vafranum sínum, þó þær vistist í símanum sem smámyndir eða „thumbnails“.

Vitnið M gaf skýrslu við aðalmeðferð. Vitnið skýrði frá því að brotaþoli Z hafi óskað eftir viðtali við hana og komið til hennar í maí 2021 og lýst mikilli vanlíðan. Í samtalinu hafi komið fram hjá brotaþola að vanlíðan hennar stafaði af atburðum sem hafi átt sér stað fyrir 9 ára aldur. Brotaþoli hafi lýst fyrir vitninu kynferðisofbeldi sem hún hafi orðið fyrir af hendi stjúpafa síns. Hafi brotaþoli lýst því að stjúpafinn hafi leitað á sig og ef hún hafi gist hjá ömmu sinni og ákærða þá hafi hann oft séð til þess að hún svæfi fyrir framan hann þar sem hann hafi getað haft hana í klofinu á sér og káfað á henni. Þá hafi hún sagt að eitt sinn hafi hún vaknað við að ákærði hafi tekið af henni sængina og verið að klæða hana úr náttbuxum en hann hafi hætt þegar hún hafi vaknað og látið vita að hún vildi þetta ekki. Þá hafi brotaþoli líka sagt frá því að móðursystir hennar hafi líka orðið fyrir kynferðisofbeldi af hálfu sama manns. Hún hafi sagt þessa frænku sína gæta þess að börn hennar séu ekki nálægt honum og alls ekki í fangi hans. Hafi brotaþoli sagt að móðir hennar vissi af þessu og hún hafi líka látið föður sinn vita. Brotaþola hafi liðið mjög illa þegar hún hafi sagt frá þessu. Eftir þetta hafi vitnið haft samband við brotaþola og látið hana vita í hvaða farveg málið færi. Móðir brotaþola hafi svo haft samband við vitnið og ekki verið ánægð með tilkynningu vitnisins til barnaverndar og sagt að brotaþoli mætti ekki koma og tala aftur við vitnið. Móðirin hafi bannað vitninu að tala aftur við brotaþola. Aðspurð um dagsetningar kvað vitnið að þetta hafi a.m.k. verið að vorlagi 2021. Nánar aðspurð um vanlíðan brotaþola lýsti vitnið því að brotaþoli hafi sagt að henni liði illa, en kvaðst ekki muna nánar um einkenni þess.

Vitnið K, sálfræðingur [...], gaf skýrslu gegnum fjarfundarbúnað við aðalmeðferð. Vitnið skýrði frá því að brotaþoli Z hafi verið hjá sér í meðferð. Hún hafi komið til vitnisins í 19 viðtöl sem hafi byrjað í ágúst 2021. Meðferð sé enn yfirstandandi um óákveðinn tíma. Brotaþoli hafi komið í viðtöl til vitnisins eftir tilvísun frá [...]. Vitnið hafi kynnt sér hvað hafi komið fram við skýrslugjöf brotaþola og þær hafi rætt það. Hafi brotaþoli greint frá því að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi af hálfu stjúpafa síns. Brotaþoli hafi munað eftir nokkrum atvikum, allt frá því hún hafi verið á að giska 4 ára og fram til 8 ára aldurs að því er vitnið minnti. Hún hafi lýst atvikum þegar hún hafi verið lítil og myrkfælin í pössun hjá ömmu sinni og ákærða. Hún hafi átt til að skríða upp í rúm til þeirra að næturlagi. Þegar hún hafi komið í rúmið til þeirra þá hafi ákærði beint henni til að koma sín megin og liggja hjá sér og þá hafi hann lagt hendi á kynfærasvæði

brotapola. Þetta hafi gerst ítrekað, en hún hafi þó ekki getað gert grein fyrir hversu oft. Hún hafi lýst öðru atviki þar sem ákærði hafi tekið brotapolu á háhest þannig að hún sneri öfugt þannig að klof hennar nemi við andlit hans. Henni hafi liðið illa við þetta og þótt óþægilegt, en ákærði hafi hlegið að þessu og sagt að hún hafi viljað gera þetta þegar hún var lítil. Þá hafi hún skýrt frá atviki þar sem hún hafi verið sofandi heima hjá ömmunni og ákærða, þar sem hún hafi vaknað við að ákærði er kominn inn í herbergið til hennar og lagstur í rúmið hjá henni og dregur niður af henni sængina og nærbuxurnar eru dregnar niður. Hún hafi lýst því að hafa orðið mjög hrædd við þetta og áttað sig á að þarna væri ákærði kominn, snúið sér við og hreyft sig til að gefa til kynna að hún væri vakandi, en þá hafi hann staðið á fætur og rokið út úr herberginu. Meðferð brotapolu hafi gengið vel og miðað vel áfram. Í byrjun hafi vandinn verið greindur með samtölum við brotapolu og móður hennar, sem og matslistum. Í september 2021 hafi brotapolu skorað yfir viðmiðum slíks lista fyrir áfallastreitu. Þá hafi samskipti innan fjölskyldu og rof á þeim haft mikil áhrif á brotapolu og valdið henni streitu. Hún hafi misst alveg tengslin við ömmu sína. Ekki liggi fyrir hve lengi meðferð muni standa.

Aðspurð um ofsakvíða sem getið er um í vottorði skýrði vitnið frá því að farið hafi að bera á þeim stuttu eftir að viðtöl hófust. Þetta séu sterk líkamleg einkenni með miklum hjartslætti, skjálfta, öndunarerfiðleikum og almennt missi brotapolu þá mikla stjórn. Þetta hafi gerst endurtekið síðustu mánuði. Megi ætla að þetta hafi tengingu við áfallastreituna. Þetta hafi haft þó nokkur áhrif á líf brotapolu og sé verulega hamlandi að geta átt von á þessu hvenær sem er. Brotapolu viti aldrei hvenær þetta hellist yfir hana. Þannig hafi þetta verið hamlandi fyrir brotapolu í skóla, t.d. ef hún á að halda fyrirlestur sem og í verknámi sem hún sé í, en þá reyni hún að forðast að vera með karlkyns nemendum. Þetta sé hamlandi fyrir brotapolu í daglegu lífi. Aðspurð um þunglyndiseinkenni sem brotapolu hafi sjálf skýrt frá fyrir réttinum við skýrslugjöf sína kvað vitnið að það sé rétt að brotapolu hafi þunglyndiseinkenni, en hún fari ekki yfir greiningarviðmið um það, en hafi þó einhver einkenni. Þá gat vitnið þess að þegar tengsl milli þolanda og geranda séu nán þá hafi það áhrif á úrvinnsluna eftir á og vandinn geti orðið flóknari og þurfi lengri meðferð. Þetta sé til staðar hjá brotapolu.

Aðspurð um framburð sinn um upphaflega frásögn brotapolu að ákærði hafi legið við hlið brotapolu þegar hann hafi dregið niður buxur hennar kvaðst vitnið minna að frásögnin hafi verið á þá lund, en kvaðst ekki þora að fullyrða það. Aðspurð hvort áfallastreita og önnur einkenni gætu stafað af því að brotapolu hafi ásakað ákærða um

atvik sem í raun hafi ekki gerst og liðið illa vegna þess, kvaðst vitnið telja það afar ólíklegt, vegna þess að einkennin séu metin út frá þessum atvikum sem hún hafi þá í huga. Þetta sé mjög ólíklegt. Spurð hvort brotþoli geti verið að upplifa falskar minningar um þetta kvaðst vitnið ekki vera sérfróð um falskar minningar. Hlutverk sálfræðinga [...] sé ekki að meta hvort frásögnin sé rétt eður ei, heldur sé unnið með vandann eins og barnið greini frá. Sannleiksgildi frásagnarinnar sé í raun ekki sérstaklega kannað.

Aðspurð kvað vitnið að brotþoli sé greind með áfallastreituröskun. Vitnið staðfesti vottorð sitt í málinu, dagsett 1. júlí 2022.

Vitnið I lækni gaf skýrslu við aðalmeðferð gegnum fjarfundarbúnað. Vitnið kannaðist við og staðfesti vottorð sitt um brotþola Z, dagsett 13. maí 2022. Vitnið lýsti því að brotþoli hafi leitað til vitnisins þann dag vegna mikils og erfiðs kvíða sem hafi magnast upp tengt ákveðnu erfiðu máli í fjölskyldunni og þá sérstaklega einum aðila. Brotþoli hafi lýst því að hún gæti eiginlega ekki hugsað sér að koma sjálf fyrir dóm ef sá aðili væri á staðnum. Hafi brotþoli m.a. vísað til þess að hún hafi ítrekað þurft að leita [...] vegna kvíðakasta og hefði upplifað slíkt endurtekið skömmu fyrir komu, vegna þess að þessi tilhugsun hafi vaxið henni svo mjög í augum. Brotþoli hafi virst eiga erfitt með að ræða þetta. Hún hafi virst kvíðin, en ekki hafi verið farið nánar út í smáatriði. Vitnið hafi gefið brotþola tíma hjá öðrum lækni í vikunni á eftir. Vitnið kvaðst ekki vita nánar um það, en hún muni hafa mætt í þann tíma og einhverja áframhaldandi eftirfylgd. Vitnið kvaðst ekki hafa rannsakað brotþola sérstaklega, en hann hafi kynnt sér nótur frá komu brotþola á bráðamóttöku og séð þar lýsingar á einkennum sem samrýmdust einkennum á slæmu ofsakvíðakasti. Í þeirri nótu hafi komið fram að brotþoli teldi þetta tengjast mjög erfiðu máli innan fjölskyldunnar. Ekki hafi komið fram hvaða mál það væri eða hvers eðlis.

Forsendur og niðurstaða

Ákærða í máli þessu eru gefin að sök kynferðisbrot eins og að ofan greinir. Er brotunum lýst í 4 mismunandi liðum ákæru, en brotþolar eru 3 talsins, allar innan fjölskyldu ákærða. Ákærði neitar sök gagnvart öllum liðum ákæru og hafnar bótakröfum sömuleiðis.

Í ákærulið 1 eru ákærða gefin að sök kynferðisbrot gagnvart brotþolanum Z, stjúp barnabarni ákærða, eins og nánar greinir. Er lýst þrenns konar háttsemi í þessum ákærulið, þ.e. í fyrsta lagi að hafa haldið um kynfæri hennar utan klæða þegar hún lá við

hlið hans í rúmi, í öðru lagi að hafa í 2 – 3 skipti fært hana upp á sig þannig að hún lá með bringuna upp við kynfæri hans utan klæða og í þriðja lagi að hafa í eitt sinn tekið niður náttbuxur hennar og nærbuxur þar sem hún lá sofandi á dýnu í herbergi.

Brotapoli Z hefur lýst allri framangreindri háttsemi ákærða skilmerkilega, bæði fyrir dómi við aðalmeðferð, sem og þegar hún sagði frá þessu á fyrri stigum, allar götur frá því að hún tjáði sig fyrst um þetta inni á síðunni „[...]“ á Instagram og eftir það. Þó að því frátöldu að við aðalmeðferð kvaðst hún ekki geta sagt til um hvort ákærði hefði dregið niður um hana bæði náttbuxur og nærbuxur eða bara náttbuxur. Þannig hefur hún sagt móður sinni og móðursystur frá þessum atburðum, sem og sálfræðingnum K, sálfræðingi [...], ásamt því að hafa sagt vitninu M frá þessum atburðum og vanlíðan sinni vegna þeirra. Móðir brotþola vitnið C og móðursystir brotþola vitnið Y, hafa báðar lýst því fyrir dóminum hvernig brotþoli hafi sagt þeim frá þessum atburðum og kemur fram í framburði þeirra að frásögnin hafi verið brotþola erfið og tekið á hana. Þá hefur vitnið K lýst frásögn brotþola og þeirri vanlíðan sem brotþoli hefur upplifað og rekur til þessara atburða. Þá bar vitnið M á sama veg fyrir dóminum. Eru framburðir þessara vitna trúverðugir að mati dómsins. Er að mati dómsins augljóst og verður ekki dregið í efa að sú upplifun og reynsla brotþola sem hún lýsti við aðalmeðferð hefur reynst henni erfið og valdið henni mikilli vanlíðan. Ekkert er fram komið í málinu sem gefur tilefni til að ætla að sú vanlíðan verði rakin til annars en þeirra misgjörða sem hún hefur borið á ákærða. Þetta nýtur jafnframt stuðnings í framburði vitnisins I læknis og vottorðs hans.

Þá er frásögn og framburður brotþola trúverðugur að mati dómsins. Hún var einlæg í frásögn sinni við aðalmeðferð og komu ekki fram hjá henni missagnir um atburði, en augljóst var að frásögnin fékk mjög á hana og að upplifun hennar í þessum efnum hefur reynst henni þung byrði.

Eins og áður segir hefur ákærði neitað sök varðandi þennan ákærulið. Hann kannaðist við að brotþoli hafi komið upp í rúm til hans og eiginkonu sinnar, þ.e. ömmu brotþola, en það hafi ekki verið að næturlagi heldur að morgni til. Þá kannaðist hann við að brotþoli hafi í a.m.k. einhverjum tilvikum legið hans megin í rúminu en ekki á milli þeirra hjóna. Aðspurður hvort hann kannaðist við að hafa haldið utan um brotþola kvað hann það ekki hafa verið, nema til að varna því að hún dytti fram úr rúminu, en það er í samræmi við framburð brotþola sjálfrar um skýringar ákærða á því hvers vegna hann héldi svona um hana. Þá kannaðist ákærði ekki við annað sem honum er gefið að sök í þessum ákærulið, en kannaðist þó við að brotþoli hafi sest ofan á magann á honum

og hafi þá verið klovvega. Að mati dómsins var ákærði ekki sérlega trúverðugur í framburði sínum og var framburður hans fremur óglöggur um samskipti hans við brotþola.

Vitnið G, þáverandi eiginkona ákærða, lýsti því fyrir dómi að hún hefði aldrei orðið vör við neitt í líkingu við það sem lýst er í ákæru og enga hegðun hjá ákærða sem hafi getað bent til ónáttúru hans til barna. Hún kvað ekki rétt að brotþoli hafi komið upp í til þeirra að næturlagi, en hún hafi komið í morgunsárið. Hún hafi komið upp í til að ærslast en ekki til að sofa, en þetta er alls ekki í samræmi við framburð ákærða um að hann hafi haldið um brotþola til að varna því að hún dytti fram úr rúminu. Þá kom fram hjá henni að hún hefði vaknað ef brotþoli hefði komið upp í til þeirra hennar megin, en þau tilvik sem brotþoli lýsir eru á þann veg að hún hafi einmitt ekki komið þeim megin sem vitnið svaf heldur hafi hún komið ákærða megin. Verður þannig ráðið af orðum vitnisins að hún búist síður við því að hafa vaknað ef brotþoli hefði komið ákærða megin upp í rúmið. Að mati dómsins var framburður vitnisins ekki trúverðugur og bert að hún leggur engan trúnað á frásögn brotþola og telur hana að einhverju leyti runna undan rifjum dóttur sinnar Y og „metoo“ byltingarinnar, en ekkert í málinu rennir stoðum undir að svo kunni að vera.

Að virtum skýrum og einlægum framburði brotþola Z, sem studdur er gögnum málsins og framburði annarra vitna í málinu, að frátöldum framburði vitnisins G, er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hefur gerst sekur um öll þau brot sem honum eru gefin að sök í ákærulið 1, að því frátöldu að ekki telst sannað að ákærði hafi tekið niður bæði náttbuxur og nærbuxur, heldur aðeins náttbuxur, eins og lýst er í niðurlagi þessa ákæruliðar. Er háttsemin réttilega heimfærð til refsíákvæða, þó þannig að í stað vísunar til 26. mars 2013 verður miðað við 8. apríl 2013 þar sem lög nr. 37/2013 sem breyttu tilvísuðu ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 voru gefin út og birt í A deild Stjórnartíðinda þann dag, þ.e. 8. apríl 2013.

Í ákærulið 2 er ákærða gefið að sök kynferðisbrot eins og þar er lýst gagnvart brotþolanum Y, stjúpdóttur ákærða. Umrædd mynd liggur fyrir í gögnum málsins og hefur brotþoli Y þekkt sjálfa sig og umhverfið á myndinni, jafnframt því að þekkja rúmfötin sem þar sjást sem sín eigin. Þá liggur fyrir með vísun til gagna málsins og framburðar lögreglumanns nr. 9024 að myndin var í tölvu sem var lagt hald á við rannsókn málsins. Fyrir liggur skv. framburði lögreglumannsins að „X“ var eini notandi tölvunnar og hefur ákærði kannast við að hafa notað umrædda tölvu, en það nýtur líka

stuðnings í framburði annarra vitna. Ákærði kannaðist við það fyrir dómi við aðalmeðferð að hafa tekið umrædda mynd, en það gerði hann hins vegar ekki hjá lögreglu undir rannsókn málsins. Ákærði kveðst ekki hafa farið inn í herbergið til brotaþola til að taka myndina, en brotaþoli kveður það ekki standast. Að mati dómsins breytir hins vegar engu hvort ákærði fór inn í herbergið til að taka myndina eða ekki. Ákærði kveður engan kynferðislegan tilgang hafa verið með því að taka umrædda mynd. Hefur hann lýst því að eini tilgangurinn með myndatökunni hafi verið sá að sýna konunni sinni hvað væru „langar lappirnar“ á brotaþola. Ekki kemur hins vegar fram í málinu að ákærði hafi sýnt eiginkonu sinni umrædda mynd. Að mati dómsins er skýring ákærða á myndatökunni fráleit og verður ekki byggt á henni við úrlausn málsins. Á myndinni verður ekki betur séð en að brotaþoli sé nakin neðan mittis og er augljóst að slík myndataka af sofandi konu, án samþykkis, er til þess fallin að særa blygðunarsemi hennar. Er þannig hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök skv. þessum ákærulið og er háttsemin réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Í ákærulið 3 er ákærða gefin að sök kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum með því að hafa á nánar tilteknum dögum tekið myndir af brotaþola Q, stjúpbarnabarni sínu, nakinni eða fáklæddri, og hafa þannig sært blygðunarsemi hennar og sýnt henni ósiðlegt athæfi. Umræddar ljósmyndir liggja fyrir í málinu og hefur ákærði kannast við að hafa tekið myndirnar. Það nýtur stuðnings í framburði lögreglumanns nr. 9024, sem og í framburði annarra vitna sem hafa lýst því að myndirnar séu teknar frá þeim stað sem ákærði sat í sófanum á heimili sínu. Þá er óumdeilt í málinu og nýtur stuðnings í framburði vitna, þ. á m. Y, að myndirnar eru af brotaþola Q, dóttur Y. Ákærði hefur hins vegar alfarið neitað því að myndirnar hafi verið teknar í kynferðislegum tilgangi. Hann hefur þó ekki getað gert neina raunverulega grein fyrir tilgangi myndanna, en gat þess við aðalmeðferð að þær hafi verið teknar „í hita leiksins“. Á umræddum myndum sést brotaþoli ýmist fáklædd eða alveg nakin frá ýmsum sjónarhornum, þ. á m. að framan, en brotaþoli var 6 og 7 ára þegar myndirnar voru teknar. Að mati dómsins sýna myndirnar brotaþola á kynferðislegan hátt. Að mati dómsins er augljóst að slík myndataka af barni, sem þar að auki er stjúpbarnabarn, er til þess fallin að særa blygðunarsemi viðkomandi barns. Þá er jafn ljóst að mati dómsins að með umræddum myndatökum sýndi ákærði brotaþola ósiðlegt athæfi. Þannig er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum lið ákærunnar og er háttsemin réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Í fjórða og síðasta lið ákæru er ákærða gefið að sök kynferðisbrot með því að hafa um nokkurt skeið fram til fimmtudagsins 6. maí 2021 haft í vörslu sinni á símanum sínum samtals 12 ljósmyndir sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Myndirnar liggja fyrir í rannsóknargögnum málsins, en um er að ræða sömu ljósmyndir og vísað er til í ákærulið 3. Ákærði hefur kannast við að hafa tekið myndirnar og að hafa á einhverjum tíma haft þær í símanum sínum. Hann lýsti því hins vegar að hafa eftir sinni bestu vitund eytt myndunum úr símanum. Í lögregluskýrslu og framburði lögreglumanns nr. 9024 við aðalmeðferð kemur fram að myndirnar hafi verið í síma ákærða í svokölluðu smámyndaformi eða á ensku „thumbnails“, en að eftir að myndunum hefur verið eytt þá sjái notandi símans myndirnar ekki lengur í vafra símans. Verður því ekki byggt á því að ákærði hafi haft ásetning til að hafa myndirnar í símanum sínum allt fram til 6. maí 2021, en hins vegar er hafið yfir skynsamlegan vafa að á einhverjum tíma, eftir að myndirnar voru teknar, sbr. dagsetningar í ákærulið 3, voru myndirnar í vörslum ákærða í téðum farsíma hans. Er þannig hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið og er háttsemin réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Samkvæmt ofansögðu hefur ákærði unnið sér til refsingar. Samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur ákærði einu sinni áður verið sakfelldur fyrir refsiverðan verknað, en það var á árinu 2013 og hefur ekki áhrif á ákvörðun refsingar hans nú. Við ákvörðun refsingar ber að líta til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá verður jafnframt litið til 1., 2., 6. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. og 3. mgr. 70. gr. sömu laga. Vegna brota skv. 1. lið ákæru verður jafnframt litið til 5. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Er hæfilegt að ákærði sæti fangelsi í 15 mánuði, en að virtum brotum ákærða eru ekki efni til að binda refsinguna skilorði.

Með háttsemi sinni, sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir, hefur ákærði bakað sér bótaskyldu samkvæmt almennu sakarreglunni, sem og á grundvelli b liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, gagnvart öllum 3 brotapolum. Að mati dómsins er augljóst að með brotum sínum gegn brotþola Z hefur ákærði valdið henni verulegum miska og hafa verið lögð fram gögn um það, en það styðst jafnframt við framburð vitna, sem og hennar sjálfrar. Eru bætur til hennar hæfilega ákveðnar kr. 1.500.000 svo sem krafist. Þá eru bætur til handa brotþola Y hæfilega ákveðnar kr. 500.000 og til brotþola Qr kr. 800.000, en bætur til þeirra skulu bera vexti og dráttarvexti eins og í dómsorði greinir. Bætur til allra brotþola skulu bera vexti og dráttarvexti eins og í dómsorði greinir, en

ákærða voru birtar bótakröfur við birtingu fyrirkalls 20. apríl 2022, en af hálfu ákærða er ekki byggt á því að vextir séu fyrndir.

Af hálfu ákæruvalds er krafist upptöku á framangreindu myndefni, farsíma og turntölvu, sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til þessara ákvæða ber að fallast á upptökukröfuna eins og í dómsorði greinir.

Samkvæmt 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar. Ekki er um að ræða útlagðan kostnað við rannsókn málsins. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sverris Sigurjónssonar lögmanns, eru ákveðin kr. 2.043.675 að virðisaukaskatti meðtöldum og ber ákærða að greiða þau. Þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola Z, Steinunnar Erlu Kolbeinsdóttur, er ákveðin kr. 1.150.875 að virðisaukaskatti meðtöldum og ber ákærða að greiða hana. Þá er þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþolanna Y og Q, Jónínu Guðmundsdóttur lögmanns, ákveðin í einu lagi kr. 594.239 og hefur þá verið litið til virðisaukaskatts. Ber ákærða að greiða þóknunina.

Sigurður G. Gíslason dómstjóri kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði sæti upptöku á [...] farsíma (munur xxxxxx) og [...]tölvu (munur xxxxxx), ásamt myndefni því sem greinir í ákæruliðum nr. 3 og 4.

Ákærði greiði Z kr. 1.500.000 auk vaxta skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 4. júlí 2009, til 20. maí 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði Y kr. 500.000 með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. september 2018 til 20. maí 2022, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði Y, fyrir hönd Q, kr. 800.000 með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 9. september 2019 til 20. maí 2022, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, alls kr. 3.788.789, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sverris Sigurjónssonar lögmanns, kr. 2.043.675 að virðisaukaskatti meðtöldum og einnig þ.m.t. þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola

Z, Steinunnar Erlu Kolbeinsdóttur lögmanns, kr. 1.150.875 að virðisaukaskatti meðtöldum og einnig að meðtalinni þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþolanna Y og Q, Jónínu Guðmundsdóttur lögmanns, kr. 594.239 að virðisaukaskatti meðtöldum.

Sigurður G. Gíslason